SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Sér fyrir endann á kófkreppunni en veiruafbrigðin skapa óvissu

Kynning fyrir Félag atvinnurekenda

1. september 2021

Rannveig Sigurðardóttir
varaseðlabankastjóri peningastefnu

# Ytri skilyrði og innlent raunhagkerfi

# Smitum fjölgar þrátt fyrir bólusetningar

- Smitum fjölgaði víða hratt í sumar í kjölfar útbreiðslu Delta-afbrigðis veirunnar
- Bólusetning virðist þó draga úr hættu á alvarlegum veikindum og minni hömlur á efnahagsstarfsemi en í fyrri bylgjum farsóttar því möguleg
- Kröftugur bati alþjóðlegrar eftirspurnar og framleiðslutruflanir hafa leitt til mikillar hækkunar hrávöruverðs og flutningskostnaðar

Ný dagleg tilfelli af COVID-19[2]
1. febrúar 2020 - 20. ágúst 2021




Alþjóðlegt flutninga- og hrávöruverð[1]
Janúar 2020 - ágúst 2021




1. Landbúnaðarafurðir skiptast í matvæli (62%), drykkjarvörur (13%) og hráefni (25%). Verðvísitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. Gögn til og með 20. ágúst 2021. 2. Staðfest ný smit. Norðurlönd eru meðaltal Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Sjö daga hreyfanlegt meðaltal.

*Heimildir:* Alþjóðabankinn, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Covid.is, Freightos Limited, Johns Hopkins University, Our World in Data.

# Hagstæðari viðskiptakjör og meiri fjölgun ferðamanna

- Viðskiptakjör töluvert hagstæðari í ár þar sem hækkun álverðs og kröftugri viðsnúningur í verði sjávarafurða vegur á móti alþjóðlegum hækkunum
- Mikil fjölgun ferðamanna á sumarmánuðum skilar meiri útflutningstekjum - 680 þús. í stað 660 þús. á árinu í heild







1. Uppsafnaður fjöldi hvers árs. Punkturinn sýnir heildarfjölda 2021 samkvæmt grunnspá Seðlabankans. 2. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá PM 2021/2.
*Heimildir:* Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Meiri útflutningur og viðskiptaafgangur

- Meiri fjölgun ferðamanna á sumarmánuðum, betri horfur í sjávarútvegi og meiri vöxtur annars þjónustuútflutnings gera það að verkum að útflutningur er nú talinn aukast um 15% í ár í stað 11% eins og gert var ráð fyrir í maí
- Minni útflutningsvöxtur á næsta ári en spáð var í maí: grunnáhrif frá árinu í ár, lakari horfur í ferðaþjónustu og minni þorskafli
- Horfur á 1½% viðskiptaafgangi í ár í stað lítillegs halla eins og spáð var í maí: hagstæðari utanríkisviðskipti og viðskiptakjör







1. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Ferðaþjónusta er samtala á „ferðalögum" og „farþegaflutningum með flugi". Álútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2. 2. Jöfnuður rekstrarframlaga talin með frumþáttajöfnuði. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Tölur þjóðhagsreikninga fyrir H1 2021

- Vöxtur þjóðarútgjalda kröftugri á H1 en spá PM 2021#3 gerði ráð fyrir …
- … en framlag utanríkisviðskipta neikvæðara







1. Við útreikning á hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur frá PM 2021/3. Árstíðarleiðrétt gögn.
*Heimildir*: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Horfur á meiri hagvexti á árinu öllu

- Horfur um fjármunamyndun lítillega lakari í ár skv. spánni vegna minni fjárfestingu hins opinbera og í íbúðahúsnæði en vöxtur atvinnuvegafjárfestingar meiri
- Tölur fyrir H1 benda til að það gæti verið meiri kraftur í fjárfestingunni en spáin gerir ráð fyrir
- Hagvaxtahorfur betri í ár – 4% í stað 3,1% - aðallega vegna hagstæðara framlags utanríkisviðskipta
- Horfur á svipuðum hagvexti á næsta ári - en hægari vexti 2023 (2%)







1. Almenn atvinnuvegafjárfesting er atvinnuvegafjárfesting án fjárfestingar í orkufrekum iðnaði og í skipum og flugvélum. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2. 2. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.

*Heimildir*: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Atvinna hefur aukist hratt …

- Samkvæmt VMK fjölgaði störfum um 4,2% milli ára í júlí og voru rúmlega 3% fleiri en þau voru fyrir farsóttina
- Meðalvinnutíminn þó enn um 2 klukkustundum styttri
- Atvinnuþátttaka hefur náð því sem hún var fyrir farsótt - en vantar rúma hálfa prósentu upp á hlutfall starfandi

### Fjöldi starfandi fólks[1]

Janúar 2018 - júlí 2021




### Atvinna og vinnutími

Janúar 2019 - júlí 2021




### Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi[2]

Janúar 2019 - júlí 2021




1. Fjöldi starfandi fólks skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) og fjöldi launafólks skv. staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Launafólk 16-74 ára inniheldur einnig þá sem voru í fæðingarorlofi og þá sem voru með reiknað endurgjald. Launafólk alls undanskilur þá hópa en inniheldur launafólk á öllum aldri. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttra talna. Gögn fyrir launafólk eru árstíðarleiðrétt af Seðlabanka Íslands. 2. Tölur úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands nema skráð atvinnuleysi (án hlutabóta) og langtímaatvinnuleysi sem eru frá Vinnumálastofnun. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. Árstíðarleiðréttar tölur

*Heimildir:* Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# … og atvinnuleysi minnkað mikið

- Atvinnuleysi var ríflega 5% í júlí samkvæmt VMK en 6,4% eins og það er skráð hjá VMST
- Langtímaatvinnuleysi einnig tekið að minnka
- Frá apríl fram í júlí hefur um helmingur afskráninga af atvinnuleysisskrá verið vegna ráðningarstyrkja
- Dregur úr slaka á vinnumarkaði







1. Árstíðarleiðréttar tölur. Atvinnuleysi sýnt sem hlutfall af mannafla en slaki á vinnumarkaði sem hlutfall af mannafla með mögulegri viðbót. 2. Fjöldi einstaklinga sem hefur verið á atvinnuleysisskrá lengur en 12 mánuði.
*Heimildir*: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

# Mikil fjölgun lausra starfa og skortur á fólki eykst

- Lausum störfum fjölgaði mikið á F2 - voru tæplega tvöfalt fleiri en á F2/2019 og tæplega þriðjungi fleiri fyrirtæki vilja fjölga starfsfólki en fækka því – munurinn álíka jákvæður og hann var 2016 þegar mikill uppgangur var í þjóðarbúinu
- Fyrirtækjum sem segjast búa við skort á starfsfólki fjölgar einnig mikið og NF-vísitalan er nú svipuð og F4/2019 – slakinn að hverfa







1. Laus störf skv. fyrirtækjakönnun Hagstofu Íslands og hlutfall fyrirtækja sem vilja fjölga eða fækka starfsfólki næstu 6 mánuði er úr könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins og eru gögnin árstíðarleiðrétt af Seðlabanka Íslands. 2. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðsluþátta byggjast á viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Vísitala nýtingar framleiðsluþátta (NF-vísitalan) er fyrsti frumþáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðsluþátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 2018/2.
*Heimildir:* Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Atvinnuleysi hjaðnar hraðar en spáð var í maí

- Slakinn í þjóðarbúinu hefur minnkað hraðar en spáð var í maí
- Atvinnuleysi minnkar einnig hraðar en spáð var í maí og verður orðið svipað og það var í aðdraganda farsóttarinnar
- Framleiðsluslaki prósentu minni í ár







1. Atvinnuleysi miðað við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK) og skráð atvinnuleysi Vinnumálastofnunar án hlutabóta (VMST). Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalínur sýna spá frá PM 2021/2. 2. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

# Verðbólga

# Verðbólga virðist hafa náð hámarki

- Verðbólga hefur verið yfir 4% frá áramótum og fór í 4,6% í apríl en hjaðnaði í 4,3% í júlí …
- … virðist hafa náð hámarki – sem sést betur þegar horft er til verðbólgu án húsnæðis og undirliggjandi verðbólgu
- Áhrif gengislækkunar í fyrra fara greinilega minnkandi: hratt hefur dregið úr verðhækkunum innfluttrar vöru en einnig innlendrar







1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV).

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Hærra gengi og hækkun launa og húsnæðis vegast á

- ISK hefur hækkað um 3% frá áramótum og 9½% frá því það var lægst í sept. 2020 … er þó enn 5½% lægri en í upphafi faraldurs
- Gengishækkun vegur á móti áhrifum kröftugrar viðspyrnu innlendrar eftirspurnar sem birtist m.a. í töluverðum launahækkunum og verðhækkun húsnæðis










1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog). 2. Gildi fyrir 3. ársfjórðung 2021 byggist á tölum fyrir júlí.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Hækkun verðbólguvæntinga að ganga til baka?

- Vísbendingar voru um að kjölfesta verðbólguvæntinga í markmiði væri að veikjast í vor…
- … en nýjustu mælingar gætu bent til þess að hækkunin sé mögulega tekin að ganga til baka (þótt 5 ára væntingar fyrirtækja hækki aftur og væntingar markaðsaðila hækki lítillega)







1. Kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja og Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Miðgildi svara. 2. Meðaltal mánaða.
*Heimildir:* Gallup, Seðlabanki Íslands.

# Heldur hægari hjöðnun verðbólgu en áður var spáð

- Gengi krónunnar hefur hækkað heldur meira en spáð var í maí og gert er ráð fyrir að það haldist hærra út spátímann
- Verðbólga á Q2 í takt við spá en verður heldur meiri út árið og hjaðnar lítillega seinna í markmið vegna hraðari minnkunar slaka í ár, meiri hækkun alþjóðlegs hrávöruverðs og þrálátari kostnaðarþrýstingur vegna framleiðslutruflana skýra breytinguna

Gengi krónunnar 2015-2023[1]




Verðbólguspá og óvissumat

1. ársfj. 2015 - 3. ársfj. 2024




1. Þröng viðskiptavog. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Spá Seðlabankans í hnotskurn

- Alþjóðlegum efnahagsbata miðar áfram með aukinni bólusetningu
- Meiri fjölgun ferðamanna í sumar en áður spáð en lakari horfur á Q4
- Spáð um 4% hagvexti í ár og á næsta ári – horfur batna í ár frá maíspá
- Störfum fjölgar og atvinnuleysi minnkar hraðar en spáð var í maí
- Verðbólga í takt við spá á Q2 en hjaðnar lítillega hægar en áður var talið
- Mikil óvissa – ekki síst tengt farsótt og virkni bólusetningar

Ritið í heild

Kynning aðalhagfræðings

Power Point myndir

Myndagögn

Tíst

Facebook

# Miðlun peningastefnunnar

- Vextir nýrra óverðtryggðra lána bæði til heimila og fyrirtækja hækkuðu í takt við 25p vaxtalækkun í maí sl.
- … og hlutur **fastra** óvertryggra vaxta jókst

Meginvextir og vextir óverðtryggðra útlána til heimila[1]

Janúar 2015 - júní 2021




Meginvextir og vextir óverðtryggðra útlána til atvinnufyrirtækja[2]

Janúar 2015 - júní 2021




Skipting nýrra íbúðalána bankanna

Janúar 2020 - júní 2021




1. Vegnir meðalvextir óverðtryggðra útlána stóru viðskiptabankanna þriggja miðað við fjárhæð útlána. 2. Vegnir meðalvextir á óverðtryggðum útlánum stóru viðskiptabankanna þriggja með breytilegum vöxtum miðað við fjárhæð útlána. *Heimild*: Seðlabanki Íslands.

# Útlánavöxtur

- Til heimila mikill – 11,3% í júní – og hlutur innlánsstofnana vex
- Stærstur hluti aukningarinnar til heimila tilkominn vegna óverðtryggðra lána
- Útlán til fyrirtækja drógust saman um rúmleg 2% að nafnvirði í júní (1% á föstu gengi) – en útgáfa markaðsskuldabréfa lífleg
- Útlán til flesta atvinnugreina drógust saman

Hrein ný útlán innlánsstofnana, lífeyrissjóða og ÍLS til heimila[1]
Janúar 2015 - júní 2021




Útlán lánakerfis til atvinnufyrirtækja[2]
Janúar 2018 - júní 2021




1. Hrein ný útlán samanstanda af nýjum útlánum að frádregnum umfram- og uppgreiðslum eldri lána. Tölur yfir ný útlán lífeyrissjóðanna ná frá september 2015. 2. Stofn útlána í erlendum gjaldmiðli er reiknaður miðað við vísitölu meðalgengis í júní 2021.

*Heimild*: Seðlabanki Íslands.

# Takk fyrir